

## **9. Frumvarp**

til laga um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

### **1. gr.**

Lög þessi taka til gistihússhalds og veitinga matar og drykkjar fyrir endurgjald, hvort sem þær fara fram í veitingastofum eða öðrum stöðum, sem almenningur á aðgang að, undir þaki, í tjaldi eða undir beru lofti. Lög-in taka þó ekki til áfengisveitinga, sbr. þó 6., 11., 12. og 15. gr.

### **2. gr.**

Enginn má gera sjer gistihússhald eða veitingar að atvinnu, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögreglustjóra. Utan kaupstaða geta hreppstjórar þó veitt leyfi til tækifærisveitinga. Leyfislaust má þó reka:

1. Veitingar á kaffi, tei, súkkulaði, mjólk og kókói í kökubúðum (Konditori) ásamt kökum þar gerðum.
2. Tækifærisveitingar til fjelags, er fjelagar einir eiga aðgang að, konur þeirra og börn.

### 3. gr.

Leyfi má veita körlum sem konum, giftum sem ógiftum, enda hafi rjetturinu ekki verið af aðilja tekinn, ef hann:

1. Er heimilisfastur á Íslandi og hefir verið það síðasta árið.
2. Er fjárráður.
3. Hefir forræði á búi sínu. Lögreglustjóri getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sjerstaklega stendur á.
4. Hefir ekki verið dæmdur sekur um verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti.
5. Hefir meðmæli bæjarstjórnar og hreppsnefndar, þar sem hann ætlar að reka atvinnuna.
6. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um gistihússhald og veitingasölu.

Atvinnumálaráðherra getur sett ákvæði um bókhald veitingamanna og gestgjafa.

Fyrirmæli 1. og 5. tölul. og næstu málsgreinar hjer á undan taka ekki til tækifærisveitinga.

### 4. gr.

Leyfi má ekki veita skipstjórum, hafnsögumönnum, embættismönnum nje sýslunar, nje heldur maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að atvinnan samrimist stöðu þeirra.

### 5. gr.

Nú vill fjelag eða stofnun reka hjer gistihús eða veitingasölu, og skulu þau eiga hjer heimilisfang og varnarþing. Ef nokkrir fjelagar eða allir bera fulla ábyrgð á skuldum fjelags, þá skulu þeir og allir fullnægja skilyrðum 3. gr. 1.—6. tölul. og meðal þeirra, er firmað rita, skal að minsta kosti einn fullnægja þeim skilyrðum, er sett kunna að verða um bókhald. En ef stofnun er eða fjelag, þar sem enginn fjelaga ber ábyrgð á skuldum fjelags, þá skal að minsta kosti einn stjórnandi, þeirra er firmað rita, fullnægja öllum skilyrðum 3. gr. og hinir stjórnendur fullnægja skilyrðum 1.—6. tölul. hennar. Ef hlutafjelag er, þá skal hlutafje enn fremur vera að meira en helmingi eign manna búsettra hjer á landi, enda sje samþyktir fjelagsins samrimanlegar islenskum lögum.

### 6. gr.

Leyfishafi fyrirgerir leyfi sínu, ef hann missir einhver þeirra skilyrða, sem í 3. gr. 1.—4. og 6. tölul. segir. Ef maður missir forræði á búi sínu, getur lögreglustjóri þó veitt honum leyfi til að halda atvinnunni áfram.

Nú missir aðili einhverra þeirra skilyrða, sem í 5. gr. segir, og skal lögreglustjóri þá setja honum hæfilegan frest til að koma málinu í löglegt horf. Ef ekki er um bætt áður en frestur er liðinn, þá hefir aðili fyrirgert heimild sinni.

Nú hefir maður þrisvar verið dæmdur sekur um brot, eða undirgengist sektargreiðslu fyrir brot á fyrirmælum laga eða reglugerða, um góða reglu eða velsæmi á gistihúsi sínu eða veitingastað, eða á lögum eða reglugerðum um áfengi, og hefir hann þá fyrirgert leyfi sínu.

#### 7. gr.

Veitingaleyfi og gistihúss er bundið við nafn. Ekkja getur þó haldið áfram atvinnu manns sins látins. Lögreglustjóri getur og leyft erfingjum að halda áfram atvinnu arfleifanda án nýs leyfis alt að ári eftir látið.

#### 8. gr.

Halda skal lögreglustjóri skrá yfir leyfi, önnur en leyfi til tækifærisveitinga, og skal þar vera nafn leyfishafa, hvar atvinnan sje rekin, hvenær leyfi var afhent, hvenær það gekk úr gildi, og það annað, er ráðherra kann að ákveða. Lögreglustjóri sendir ráðherra um áramót hver eftirrit af því, er skráð var síðastliðið ár.

#### 9. gr.

Leyfi heimilar einungis atvinnurekstur í ákveðnum hreppi eða kaupstað. Leyfi til veitinga alment felur ekki í sjer rjett til gistihússhalds eða tækifærisveitinga. Leyfi til gistihússhalds felur og í sjer veitingaleyfi.

#### 10. gr.

Nú synjar lögreglustjóri um leyfi eða ágreiningur verður um það, hvort atvinnuheimildin sje niður fallin, og getur aðili þá borið það mál undir dómstólana, enda sje það gert, að undangenginni stefnu til lögreglustjóra, fyrir gestarjetti innan 6 mánaða frá dagsetningu úrskurðar hans, en skylt skal að hlýða þeim úrskurði uns dómur er genginn um málið.

#### 11. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum, eða öðrum stöðum þar sem veitingar fara fram, nema heimilt sje að selja þar vin.

Ekkert fjelag manna má hafa um hönd í fjelagsskap áfengisveitingar nje heldur má áfengisnautn fara fram í fjelagsherbergjum, hvort sem er í húsi fjelagsins eða annara, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

#### 12. gr.

Það er áfengur drykkur samkvæmt lögum þessum, sem í er meira en 2<sup>1</sup>/<sub>4</sub>% af vínanda að rúmmáli.

13. gr.

Gjalda skal í ríkissjóð fyrir leyfi:

til gistihússhalds kr. 200,00.

til veitinga alment kr. 150,00.

Fyrir leyfi til tækifærisveitinga skal greiða í sveitarsjóð eða bæjar frá kr. 5,00—50,00 eftir ákvörðun þess er leyfið veitir.

Ráðherra, eða ef tækifærisveitingar eru, þá lögreglustjóri, getur fært gjald niður eða jafnvel gefið það eftir með öllu, ef sjerstaklega stendur á, svo sem ef almenningsnauðsyn þykir vera á gististað eða veitinga, ef ágóða af veitingum skal verja til líknarstarfsemi eða þjóðþrifa, ef fátækir menn eiga hlut að máli o. s. frv.

14. gr.

Skytt er gestgjöfum og veitingamönnum að veita lögreglusjóra og ráðherra upplýsingar um þau atriði, er varða skilyrði til að halda atvinnuheimild eða fullnægju settra skilyrða, svo og að veita aðgang að bókum atvinnunnar í því skyni. En skytt er að leyna alla óviðkomandi menn því, er rannsóknarmaður kemst að um hagi aðilja við rannsókn sína eða fyrir upplýsingar þeirra.

15. gr.

Það varðar 50—1000 kr. sektum, enda liggja ekki þyngri refsing við að lögum, ef maður rekur gistihús eða hefir um hönd veitingar, er leyfis þarf til, án þess að hafa fengið það eða eftir að hann hefir mist það, eða byrjar áðurnefndar athafnir án þess að fullnægja settum skilyrðum, eða hann fullnægir ekki settum skilyrðum til að mega halda atvinnu áfram, sem þó er ekki niður lögð, enda valdi því ekki almennar tálmanir.

Það varðar neytendur, þjónustumenn og fjelagsstjórn 200—2000 kr. sektum ef þeir brjóta fyrirmæli 11. gr. Auk þess skal vera upptækt áfengi það, er finnast kann í vörslum hinna brotlegu. Enn fremur getur lögreglustjóri bannað fjelagi samkomur, enda sje þá þegar höfðað mál gegn fjelaginu samkvæmt fyrirmælum stjórnarskrárinnar.

16. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð. Fjelagsstjórn, veitingamaður og gestgjafi ábyrgjast sektagreiðslu og málskostnaðar fyrir þjónustumenn sína, sbr. 15. gr. 2. mgr., enda skal gera aðför í eignum hinna brotlegu, og ábyrgðarmanna cf þörf gerist, til tryggingar sektum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926.

Þeir sem höfðu á hendi veitingasölu eða gistihússhald 1. jan. 1926 mega halda atvinnunni áfram, en ráðherra úrskurðar hversu fer um þá, sem byrja þá atvinnu á fyrra helmingi ársins 1926.

Frá sama tíma eru úr lögum numin 10. gr. tilsk. 17. nóv. 1786 að því leyti sem þar segir um gistihúshald og lög nr. 12, 22. okt. 1912, svo og önnur lög, er fara í bága við lög þessi.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Enn vantar í lög almenn fyrirmæli um gistihúshald og veitingar. Einstök ákvæði eru að vísu til um þau efni, bæði í 10. gr. tilsk. 17. nóv. 1786 og í lögum um aðflutningsbann á áfengi. En þau virðast alls ekki vera fullnægjandi. Þess vegna hefir þótt rjett að undirbúa frumvarp um veitingasölu og gistihúshald og leggja það fyrir Alþingi, og er frumvarpið að mörgu með líku sniði gert sem lög um verslunarátvinnu nr. 52, 8. júní 1925.

#### Um 1.—5. gr.

Það virðist vera ástæða til að binda gistihúshald og veitingasölu við leyfi, eins og gert er um verslun í l. nr. 52, 1925, því að miklu máli skiftir, að til þeirrar atvinnu veljist heiðvirðir menn og vandaðir. Undantekningarnar í 2. gr. svara til undantekninganna í l. nr. 52, 1925 1. gr. 4. og 5. tölul. Það leiðir af 1. gr., að það eru ekki veitingar, er leyfi þarf til, þótt menn býsi og selji þeim gestum beina, er að garði ber, án þess að sagt verði, að aðili geri slíkt að atvinnu.

Tækifærisveitingar eru þær veitingar nefndar, sem ekki fara fram að staðaldri, heldur einungis við einstök tækifæri, t. d. í rjettum, þar sem almennur mannfagnaður er o. s. frv.

Skilyrði til veitingaleyfis eru sniðin eftir l. nr. 52, 1925 2.—5. gr. Afbrigði eru einungis um gjalþrot, ef maður er undir ákæru og um bókhald. Það virðist mega fela ráðherra að skipa fyrir um það atriði, ef reynslan sýndi þess þörf.

#### Um 6. gr.

Hún svarar til 7. gr. l. nr. 52, 1925. Nýmæli eru þó í 3. málsgrein.

#### Um 7. gr.

Svarar til 6. gr. l. nr. 52, 1925. Þó eru erfingjum settar þrengri skorður um áframhald veitinga samkvæmt atvinnuheimild arfleifanda. Veitingamenn munu sjaldan hafa undir höndum miklar vörubirgðir, sem langan tíma þurfi til að koma í peninga, og því virðist ekki ástæða hjer til að hafa þann tíma langan, er eifingjar megi halda atvinnu arfleifanda áfram.

#### Um 8.—10. gr.

Það virðist einsætt, að veitingaleyfi heimili einungis þann atvinnurekstur í ákveðinni þinghá eða kaupstað, eins og verslunarleyfi. Hinsvegar má veita sama manni leyfi til veitinga í annari þinghá eða öðrum kaupstað, eins og um kaupmenn gildir.

Auðvitað getur aðili, sem lögreglustjóri synjar leyfis, leitað álits ráðherra, en með því að hann er ekki bundinn við það, þá virðist þarflaust að setja fyrir-  
mæli um það, eins og þó hefir verið gert í mörgum lögum, þar á meðal l. nr. 52, 1925.

Um 11. og 12. gr.

Það hefir þótt rjett að taka hjer með ákvæði laga nr. 12, 22. okt. 1912, og eru þessar greinar að efni samhljóða 1. og 2. gr. l. nr. 12, 1912.

Um 13. gr.

Það þykir vera full ástæða til að færa niður leyfisgjald, ef sjerstaklega stendur á, og eru dæmi þess nefnd í þessari grein frv.

Um 14. gr.

Sama efnis sem 15. gr. l. nr. 52, 1925.

Um 15. og 16. gr.

1. málsg. 15. gr. svarar til l. nr. 52, 1925, 14. gr. 1. og 2. tölul., og 3. málsg. til 3. og 4. gr. l. nr. 12, 1912, enda mundi hún koma í þeirra stað, ef 11. gr. frv. þessa verður að lögum.

Um 17. gr.

Virðist ekki þurfa að skýra.